



VSÓ RÁÐGJÖF



**AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS
SKAGAFJARÐAR 2020-2035
BREYTING – ATHAFNASVÆÐI STÓRU-BREKKU**

Febrúar 2025



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Forsendur	2
2.1	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035	2
3	Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar	2
3.1	Breytingar á greinargerð	2
4	Umhverfismat	3
4.1	Matsskylda	3
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	3
4.2.1	Valkostir	3
4.3	Umhverfisáhrif – niðurstöður	3
5	Kynning og samráð	3
5.1	Samráð	3
5.2	Umsagnaraðilar	3
5.3	Verkferli	4

1 Inngangur

Skagafjörður gerir breytingu á *Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 – 2035* sem tekur til landnotkunar innan jarðamarka Gýgjarhóls, Gýgjarhóls 1 og Gýgjarhóls 2.

Breytingin hefur verið auglýst í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 Forsendur

2.1 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035

Landeigandi er með starfsemi á Stóru-Brekku sem fellur betur undir landnotkunarflokkinn athafnasvæði (AT) en landbúnaðarsvæði. Því er lögð til leiðrétting á sveitarfélagsupprætti og greinargerð, til að samræma skipulag við raunverulega landnotkun.

3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar

Breytingin felur í sér að skilgreina athafnasvæði á jörðinni Stóru-Brekku í Fljótum, í stað landbúnaðarsvæðis á mjög afmörkuðu svæði.

Á Stóru-Brekku er í dag stuðningsþjónusta við ferðaþjónustustarfsemi í Fljótum. Þar eru geymslur, verkstæði og þjónusta við tæki og bifreiðar. Ný landnotkun verður sett fram sem punktur á sveitarfélagsupprætti. Einnig breytist tafla 14.5 í kafla 14.5 Athafnasvæði (AT).

- Breyting á sveitarfélagsupprætti Skagafjarðar er sett fram aftast í greinargerð.

Ekki er gerð breyting á stefnu aðalskipulags að öðru leyti.

3.1 Breytingar á greinargerð

Gildandi aðalskipulag:

14.5 Athafnasvæði (AT)

Tafla fyrir breytingu

Tafla 14.5 Athafnasvæði í dreifbýli og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-1	Í landi Reykjarhóls sunnan Hringveggar	14,4	0	15.000

Breyting:

14.5 Athafnasvæði (AT)

Tafla eftir breytingu

Tafla 14.5 Athafnasvæði í dreifbýli og byggingarmagn (m²)

Nr.	Staður	Stærð [ha]	Núverandi (m ²)	Leyfilegt (m ²)
AT-1	Í landi Reykjarhóls sunnan Hringveggar	14,4	0	15.000
AT-2	Stóra-Brekka	3,0	1.025	1.500
Samtals		17,4	1.025	16.500

Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

- Stóra-Brekka er á snjóflóðahættusvæði við aftakaaðstæður. Í samræmi við ábendingar Veðurstofu Íslands skal vinna staðbundið áhættumat á svæðum þar sem nýjar byggingar munu rísa innan hættusvæðis.

4 Umhverfismat

4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöfum aðalskipulags.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Horft er til megin markmiða Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Aðrar áætlanir og stefnuskjöl sem höfð er til hliðsjónar við umhverfismatið eru:

- Landskipulagsstefna
 - Leiðarljós: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkun styðji við samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.
- Umhverfisstefna Skagafjarðar

4.2.1 Valkostir

Umhverfismatið skoðar áhrif breytingartillögu og til samanburðar eru áhrif óbreyttrar stefnu aðalskipulags, þ.e. að ekki verði skilgreint athafnasvæði.

4.3 Umhverfisáhrif – niðurstöður

Niðurstöður umhverfismats eru að áhrif breytinga eru óverulegar. Núverandi landsvæði er nýtt undir mannvirki s.s. geymslur og verkstæði. Því er engin skerðing á landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum sem fylgir breytingunni á aðalskipulagi. Þá er breytingin ekki talin hafa áhrif á nýtingarmöguleika annarra á svæðinu.

Óvissa liggur fyrir um öryggis svæðisins og skal henni mætt með hættumati.

5 Kynning og samráð

5.1 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Vinnslutillaga var kynnt og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar var breytingartillaga fullgerð, síðan auglýst á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfismati, (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfismat var aðgengilegt á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is og heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila um vinnslutillögu og endanlega auglýsta breytingartillögu hennar.




- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra


5.3 Verkferli

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti, sem eru:

1. Lýsing skipulagsverkefnis er til kynningar mars – apríl 2024
2. Breytingartillaga, forsendur og umhverfismat – kynning á vinnslustigi: Júní 2024
3. Breytingartillaga til auglýsingar: Ágúst 2024
4. Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: Febrúar 2025



Gildandi aðalskipulag í mkv. 1:80 000
staðf. 04.04.2022



Tillaga að breytingu í mkv. 1:80 000 dags. 29.4.2024

Skýring

- Tengivegur
- Aðrir vegir og götur
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Fristundabyggð (F)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Athafnasvæði (AT)
- Mörk skipulagsbreytinga

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1.
mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann 12.02.2025

Seinn Kolbrinn Þórdalsskott
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 9.10.2025

Staðfesting af Skipulagsstofnun

Tillaga að breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélags
Skagafjarðar 2020-2035
Sveitarfélagsuppdráttur
Stóra-Brekka

Breyting á landnotkun,
nýtt athafnasvæði (AT-2) Stóra-Brekka

Hnitakerfi: [ISN93]

Bladstærð: A4

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22630_A_T_SVU_19

Skipulag: IAK

Yfirfarið: vv